

Sp. 60. Tillaga til þingsályktunar

um endurbyggingu brúarinnar á Þjórsá.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Helgi Jónasson, Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar hefjast handa um undirbúning að endurbyggingu brúarinnar á Þjórsá. Verði undirbúningi þessum hraðað svo, að hægt verði að hefja framkvæmdir við verkið sjálft á vori komanda.

Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Verið er nú að endurbyggja Ölfusárbrúna, er á að verða svo traust og fullkomin að geta fullnægt umferðar- og flutningaþörfinni á þessari fjölförnustu leið landsins, a. m. k. um næstu framtíð. Verður þá hægt að stækka farar- og flutningatæki að mun á þessari leið. Mun það gera flutninga að mun ódýrari en nú er. En meðan brúin á Þjórsá er áfram jafnveikbyggð og hún er nú, kemur þetta ekki að fullum notum fyrir héruð þau, sem austan þeirrar ár eru. Þó verður því ekki neitað, að sveitir þær, sem lengst- ar hafa vegalengdir til flutninga, hafa þess mesta þörf að geta notað sem haganleg- ust og ódýrust flutningatæki. Vafasamt er nú talið, að brúin á Þjórsá sé að nokkrum mun traustari en brúin á Ölfusá, sú er slitnaði niður á s. l. ári, enda eru sett sömu ákvæði um hámarksþunga farartækja yfir hana og þau, er gilda um brúna á Ölfusá. Að vísu er nú eitthvað verið að styrkja brúna á Þjórsá, en vegamálastjóri telur vafa- samt, að það geti orðið til þess, að hægt sé að hækka hámarksþunga farartækja, sem um brúna fara.

Enginn, sem til þekkir, efast um þörf þá, sem fyrir hendi er um endurbyggingu brúarinnar á Þjórsá, og vonandi þarf ekki að bíða eftir því, að hún falli niður fyrst, til þess að hafizt verði handa um fullnægjandi úrlausn í þessu efni.